

Námsáætlun

Danska – skólaárið 2022-2023

8. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennari: Björk Bryngeirsdóttir

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

Almennt

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámsskrár Grunnskóla en þau tilheyra sjö flokkum: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Í kennslustundum er unnið með lesbók og vinnubók sem tengist textanum. Auk þess lesa nemendur aðra texta af ýmsum toga. Nemendur eru þjálfaðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður sambætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lesbók.

Nemendur kynnast dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda og tónlistar.

Yfirferð

Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
<p>Hlustun Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p> <p>Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, og nýtt sér upplýsingarnar í eigin verkefni.</p> <p>Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.</p>	<p>Í hlustun eru unnin hlustunarverkefni úr Tak vinnubók, nemendur hlusta á kennara tala dönsku og vinna ýmis verkefni, m.a. verkefni lögð fyrir af kennara eða hugsanlegum gestakennurum á haust- eða vorönn.</p> <p>Nemendur hlusta og horfa á danskar kvikmyndir/þætti.</p>	<p>Ýmsar æfingar og þáttataka í tímum.</p> <p>Hlustunaræfingar</p> <p>Hlustunarpróf</p>

<p>Lesskilningur Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.</p> <p>Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</p> <p>Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.</p>	<p>Lestur <i>Tak</i> lesbókar ásamt öðrum lestextum og verkefni leyst í <i>Tak</i> vinnubók.</p> <p>Nemendur horfa á danskar kvikmyndir/þætti með dönskum texta, sem reynir einnig á lesskilning.</p> <p>Nemendur afla sér upplýsinga á dönskum miðlum þegar unnin eru þemaverkefni.</p>	<p>Lesskilningspróf.</p> <p>Lesskilningsæfingar í tímum.</p>
<p>Frásögn og samskipti Tekið þátt í einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda.</p> <p>Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.</p> <p>Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.</p> <p>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</p> <p>Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</p> <p>Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</p> <p>Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.</p>	<p>Kennari þjálfar nemendur í framsögn og helstu framburðaratriðum. Öll samskipti sem eiga sér stað á dönsku teljast til verkefna.</p> <p>Munnlegar æfingar, skipulagðar af kennara, ýmist sem hóp-, einstaklings- eða paraverkefni.</p> <p>Nemendur kynna verkefni á dönsku.</p>	<p>Munnleg verkefni (t.d. kynning á þemaverkefni).</p>
<p>Ritun Skrifað texta/einföld skilaboð með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</p> <p>Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</p> <p>Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</p>	<p>Nemendur gera nokkur ritunarverkefni, bæði sem einstaklings- og hópa-/paraverkefni.</p>	<p>Skil á ritunarverkefnum.</p>

<p>Meningarlæsi Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu.</p> <p>Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í dönsku eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p>	<p>Nemendur kynnst danskri menningu í gegnum Tak lesbók, kvikmyndir, lög, frá kennara og margt annað.</p> <p>Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í dönskum menningarheimi.</p>	<p>Fer fram í gegnum mörg önnur verkefni.</p>
<p>Námshæfni Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.</p> <p>Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.</p> <p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p> <p>Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>		

Námsefni:

- Tak lesbók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen.
- Tak vinnubók (lesbók og vinnubók unnar saman).
- Ýmis konar textar, m.a. af netinu og úr dönskum bókum.
- Dönsk málfræði fyrir 8.bekk – fjölfaldað hefti.
- Danskar kvikmyndir, tónlist, þættir og leikir.

Á haustönn er eru lesnir tveir kaflar úr Tak lesbók, Hjemmet og Familien. Á vorönn er lögð áhersla á kaflana Fritid og interesser ásamt aukaefni. Nemendur lesa valdar blaðsíður úr köflunum og vinna samsvarandi blaðsíður í vinnubók. Auk þess vinna nemendur verkefni, horfa á danskar bíómyndir og vinna með helstu málfræðireglur.

Mat á verkefnum og könnunum sem unnið er með yfir veturinn er leiðsagnarmat:

- Vinnubækur
- Framlag í hópinnu – t.d. Veggmyndir og eða önnur verkefni í gegnum google classroom, skýr og snyrtileg framsetning, hugmyndavinna, texti nokkuð rétt skrifaður, orðaforði og málfar gott.
- Kynningar – framsögn, málfar, framburður, orðaforði, glærur eða ritaðir punktar og virk þátttaka allra í hóp.
- Ritunarverkefni – uppbygging og samhengi í texta, orðaforði, málfræði og stafsetning.
- Kannanir.
- Virkni í samskiptum á dönsku.

Námsmat

Nemendur fá metin hæfniviðmið fyrir verkefni sem þau leysa/skila. Athugið að ekki er raunhæft að ná að meta öll hæfniviðmið sem nefnd eru hér að ofan, heldur verður lögð áhersla á að meta hæfniviðmið innan allra flokka (þ.e. hlustun, lesskilningur, frásögn og samskipti, ritun, menningarlæsi og námshæfni). Nemendur vinna verkefni og taka skriflegt próf á önninni. Ásamt því er vinna þeirra metin jafnt og þétt.

Í lok vetrar (á vorönn) fá nemendur eina einkunn sem er byggð á þessum þáttum auk námsmats vorannar. Verður sú einkunn gefin í bókstöfunum A-D samkvæmt aðalnámsskrá.